Manneskjulegri námskeið með meiri tækni og auknum kröfum?

Sífellt eru gerðar umfangsmeiri kröfur til háskólanáms. Eins og segir í þema ráðstefnunnar skal „háskólamenntun [... búa] fólk undir framtíðina, bæði til þátttöku í samfélaginu og fyrir síbreytilegan vinnumarkað" sem og auðvitað vísindastarf. Á sama tíma og tækni hefur fleygt fram hefur dregið úr undirbúniningi nemenda. Þá eru sterkar vísbendingar um að nemendur verji minni tíma í háskólanám í dag en áður, en séu líklegri til að útskrifast og með hærri einkunn. Það bendir til þess að háskólar séu í vandræðum með að stilla jafnvægið milli þeirra krafna sem eru gerðar til æðri menntastofnana. Tilkoma gervigreindar flækir málin enn frekar og krefst viðbragða hvað varðar kennslu, námsmat sem og þjálfunar í vinnubrögðum. Í ljósi þessa er vert að spyrja hvort og þá hvernig sé yfirhöfuð mögulegt að skipuleggja námskeið sem grundvallast á tækninotkun og gera meiri kröfur til nemenda en eru líka menneskjuleg. Án þess að gera út af við háskólakennara. Í erindinu verður gerð grein fyrir rannsóknum á krefjandi námi (e. *intensive learning*) í háskólum: hvað er krefjandi nám og hvað sýna rannsóknir? Kynnt verður dæmi um hvernig megi nota gervigreind við að útbúa kennsluefni og sjálfvirknivæða hluta kennslunnar. Loks verður farið yfir hvernig skipulag námskeiðs, heimavinna, námsfærni og námsmat fléttast saman til að ná námsmarkmiðum.

Höfundur og flytjandi: Kristinn Már Ársælsson, dósent í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.